

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Margrétar Pétursdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurlaugar Margrétar Pétursdóttur.

2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Anna Jónsdóttir, kt. 211076-4299, Pétur Árni Jónsson, kt. 070478-3589 og Þóra Guðrún Jónsdóttir, kt. 030485-3009 sem leggja fram stofnfé sjóðsins, kr. 1.000.000 – einmilljón 00/100.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum kann að áskotnast, gjafir og áheit sem sjóðnum kunna að berast, og tekjur sem stjórn sjóðsins kann að afla honum á annan hátt.

Stofnfé og aðrar eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar samkvæmt ákvörðun stjórnar. Stofnfé skal ávaxtað á tryggilegan hátt.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknir á krabbameini og aðra baráttu gegn sjúkdómnum. Heimilt er að styðja einstaklinga, félagasamtök eða sérstök verkefni í því skyni, allt samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

6. gr.

Hver stofnandi tilnefnir einn stjórnarmann. Stofnendum er auk þess heimilt að tilnefna sam-
eiginlega tvo aðra stjórnarmenn, enda verði stofnendur allir sammála um þá tilnefningu.

Fráfarandi stjórn kýs nýja stjórn.

Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður töku ákvarðana innan sjóðstjórnar.

7. gr.

Sjóðstjórn semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir. Endurskoðandi skal tilnefndur af stofnendum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil er árið 2011.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með atkvæðum meirihluta stjórnar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 17. maí 2011.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.